

IS Kredit SPV 21 hs.
Árshlutareikningur 30. júní 2024

IS Kredit SPV 21 hs.

Hagasmára 3

201 Kópavogur

kt. 650821-9710

Árshlutareikningur IS Kredit SPV 21 hs.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

IS Kredit SPV er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. IX kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu markaðssettur fagfjárfestum.

Sjóðurinn tók til starfa í ágúst 2021 og er tilgangur sjóðsins að fjárfesta í lánsamningi við Grunnstoð ehf. Til að fjármagna starfsemi sína gaf sjóðurinn út skuldabréfaflokkinn IS Kredit 61 SB sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

Íslandssjóðir hf. er rekstraraðili sjóðsins og vísast til árshlutareiknings Íslandssjóða hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Rekstrarniðurstaða sjóðsins á tímabilinu janúar til júní 2024 var kr. 0. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa var jákvæð um kr. 1.000.000 í lok júní 2024.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu sjóðsins hinn 30. júní 2024 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Stjórn Íslandssjóða hf. og framkvæmdastjóri félagsins hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið janúar til júní 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogur, 20. ágúst 2024

Í stjórn:

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, formaður

Kristján Björgvinsson

Jensína Böðvarsdóttir

Sigurður B. Stefánsson

Framkvæmdastjóri:

Kjartan Smári Höskuldsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í sérhæfða sjóðnum IS Kredit SPV 21 hs.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning IS Kredit SPV 21 hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign og aðrar skýringar. Stjórn og forstjóri sjóðsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Kópavogur, 20 ágúst 2024

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Sigurjón Örn Arnarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign janúar til júní 2024

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vextir og verðbætur	2	656	847
Vaxtagjöld og verðbætur		(648)	(840)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals		7	7
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	2	7	7
Rekstrargjöld samtals		7	7
Hagnaður/(tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini		0	0

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs		1	1
Fjármögnunargreifingar			
Seld hlutdeildarskírteini		0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini		0	0
Hækkun á fjármögnunargreifingum		0	0
Hrein eign í lok tímabils		1	1

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

Eignir	Skýr.	30.6.2024	31.12.2023
Fjárfestingar			
Lánasamningur til Grunnstoðar ehf.	3	14.284	13.910
Fjárfestingar samtals		14.284	13.910
Aðrar eignir			
Handbært fé	2	1	3
Aðrar eignir samtals		1	3
Eignir samtals		14.285	13.913
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	4	1	1
Aðrar skuldir			
Útgefin skuldabréf	5	14.268	13.896
Aðrar skuldir	2	16	16
Aðrar skuldir samtals		14.284	13.912
Skuldir samtals		14.285	13.913

1. Starfsemi

Sjóðurinn IS Kredit SPV 21 hs. hóf starfsemi í september 2021. Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsins miðar að því að ávaxta þá fjármuni sjóðsins sem aflað er með útgáfu skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur IS Kredit SPV 21 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almennra fjárfesta. Hann byggir á gangvirðisreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

Umsýsluþóknun

Umsýsluþóknunin er fyrir daglegan rekstur sjóðsins svo sem laun starfsmanna, reikningshald sjóða og umsýslu.

Fyrir rekstur sjóðsins greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum 0,1% af heildareignum sjóðsins á ársgrundvelli sem reiknast mánaðarlega. Á tímabilinu janúar til júní 2024 greiddi sjóðurinn 7 milljónir í umsýsluþóknun.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárfestingar

Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Kröfur skulu uppreiknaðar og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.

Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sérhæfði sjóðurinn IS Kredit SPV 21 hs. er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

Handbært fé

Handbært fé er óbundnar bankainnstæður.

Aðrar skuldir

Til annarra skulda teljast ógreidd umsjónarlaun til rekstrarfélags sjóðsins.

3. Fjárfestingar

	30.6.2024	31.12.2023
Lánasamningur til Grunnstoðar ehf.	14.284	13.086
Bókfært verð fjárfestinga samtals	14.284	13.086

Stefnt er á að eignasafn sjóðsins samstandi af lánasafni af vaxtaberandi kröfum sem þannig mynda vaxtamun sem skilar ávöxtun á fjármuni sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir jafnframt með það að markmiði að greiðslufæði fjárfestingaeigna hans geti á hverjum tíma mætt greiðsluskyldum sem sjóðurinn hefur undirgengist með útgáfu skuldabréfa.

4. Hlutdeildarskírteini

Bókfært verð og gengi hlutdeildarskírteina er sem hér segir:

Hrein eign og gengi:

	30.6.2024	31.12.2023
Bókfært verðmæti	1	1
Kaupgengi	1,00	1,00

Sjóðurinn gefur ekki út hlutdeildarskírteini til fjárfesta, heldur fer fjárfesting fjárfesta í sjóðnum fram með kaupum á skuldabréfum útgefnum af sjóðnum, sem tekin verða til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Öll hlutdeildarskírteini sjóðsins verða í eigu rekstraraðila sjóðsins.

5. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í september 2022.

	30.6.2024	31.12.2023
IS Kredit 61 SB	14.268	13.896
Bókfært verð samtals	14.268	13.896
Bókfært verð greinist þannig:		
Eftirstöðvar nafnverðs	11.475	11.573
Verðbætur	2.776	2.307
Áfallnir og ógreiddir vextir	17	16
Bókfært verð samtals	14.268	13.896
Afborganir af nafnverði útgefins skuldabréfs greinast þannig:		
Til greiðslu 2024		99
Til greiðslu 2025		201
Til greiðslu 2026		206
Til greiðslu 2027		211
Til greiðslu 2028		215
Til greiðslu síðar		10.543
Greiðslur af útgefnum skuldabréfum alls		11.475